



Starf umsjónarmanns fasteigna hjá Súðavíkurbætti

Laust er til umsóknar starf umsjónarmanns fasteigna hjá Súðavíkurbætti. Í starfinu felst umsjón fasteigna; umsjón með áhaldahúsi og fasteignum sveitarfélagsins, hafnarvarsla og vigtun sjávarafla og umsjón með sorpsvæði á opnunartíma og jafnframt umsjón með veitum sveitarfélagsins og vinnuskóla Súðavíkurbættis. Starfið er laust frá og með **1. mars 2025**, en æskilegt að viðkomandi geti komið til starfa og aðlögun starfs frá og með 15. febrúar 2025.

Starfslýsing: Í starfi umsjónarmanns fasteigna felst eftirlit með fasteignum, létt viðhald fasteigna og uppáfallandi þrif, innkaup á þrifa- og rekstrarvörum, hafnarvarsla auk vigtunar sjávarafla við Súðavíkurhöfn, utanumhald snjómoksturs og söndunar að vetri í samráði við verktaka sem sér um snjómokstur. Jafnframt eftirlit með veitum sveitarfélagsins og götulýsingu og öllum þeim hlutum sem teljast til fasteigna sveitarfélagsins. Yfirumsjón með vinnuskóla Súðavíkurbættis er hluti starfsins auk yfirumsjónar með sorpmóttöku við Njarðarbraut (grenndarstöðvum og samskipti við verktaka í sorphirðu).

Hæfniskröfur og skilyrði: Súðavíkurbættur leitar að þjónustulunduðum og traustum starfsmanni. Hluti af starfi er vigtun sjávarafla. Réttindi til vigtunar (löggildingu) eru æskileg en að öðrum kosti undirgangast námskeið til vigtunar. Starfið útheimtir samskiptahæfni þar sem viðkomandi er í forsvari fyrir stofnanir og fasteignir sveitarfélagsins og gegnir samskiptum við þá aðila sem koma að rekstri, viðhaldi og nýta þjónustu sveitarfélagsins. Viðkomandi þarf að geta sinnt léttu viðhaldi og hafi bílpróf. Ekki er gerð krafa um prófgráðu eða ákveðin starfsréttindi umfram það sem upp er talið, en æskilegt að viðkomandi starfsmaður hafi yfir að ráða einhverri þekkingu á þeim sviðum sem undir starfið falla.

Vinnutími og starfshlutfall: Um 100% starfshlutfall er að ræða og tekur launasetning mið af kjarsamningum Kjarar svo og önnur kjör starfsmanns. Vinnutími getur verið nokkuð fljótandi eftir viðfangsefnum og árstíma í takt við þjónstuveitingu sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir að jafnaði 8 stunda viðveru. Umsjónarmaður fasteigna sinnir einnig uppáfallandi verkefnum á skrifstofu Súðavíkurbættis eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri Súðavíkurbættis og umsókn og fyrirspurnir skal senda á bragi@sudavik.is eða hafa samband við skrifstofu í síma 4505900.

Umsóknarfrestur er til 31. desember 2024.